

UNDRI Penslasápa

Penslasápa er ætluð til að þvo olíumálningu úr penslum og öðrum málningar-áhöldum. Sápan vinnur vel á olíu, fitu og tjöru og vinnur þar af leiðandi vel á óþornuðu límkiti svo sem Soudaflex, Sikaflex o.fl. tegundum, svo eitthvað sé nefnt. Einnig er vitað til að Undri penslasápa hefur verið notuð til þvotta á ullarfatnaði, gólfteppum og fatnaði sem hefur fengið í sig olíumálningu, tyggigúmmí, kertavax, harpix (notað í handbolta) o.fl. Við þvott á málningar-áhöldum, svo sem penslum, er pensillinn gegnvættur í efninu þannig að hann mettist allur og sápan látin vinna svolitla stund. Síðan er hann skolaður vel, helst undir rennandi vatni.



UNDRI penslasápa - helstu kostir

- Auðveldara og fljótlegra að þrifa málningu úr penslum
 - Það þarf ekki að margskola pensilinn undir vatni
- Gufar ekki upp og þar af leiðandi:
 - Nýtist 5-10 sinnum lengur
 - Ódýrari, því það má margnota sama lögin
 - Notendur anda ekki að sér eiturefnum
- Hárin á penslunum ýfast ekki þó hann sé margþveginn með efninu
- Bjargar hörðnuðum olíumálningarpenslum
 - Já, það er satt, ef harðnaður pensill er látinn liggja í leginum 24 klst. verður pensillinn nothæfur og mjúkur aftur
- Umhverfisvænn:
 - Því til staðfestingar ber penslasápan norræna umhverfismerkið.
- UNDRI brotnar hratt niður í náttúrunni.



Undri er vistvænn

UNDRI inniheldur ekki komplexbindandi efni sem geta verið skaðleg fyrir náttúruna.

UNDRI er auðniðurbrotanlegur í náttúrunni og stenst lífniðurbrotsmælingu 301 B (OECD).

UNDRI er örþeyta sem inniheldur sojaprópýlester (unnin úr sojabaunum) blandað ethoxýlatsápu og vatni.

Leiðbeiningar

UNDRI penslasápa er ætluð til þrifa á olíumálningu úr penslum og öðrum málningaráhöldum. Fjarlægir einnig óþornað kýtti. Notið efnið óblandað.

- Hellið hæfilegu magni í ílát til að gegnvæta pensilinn
- Núið penslinum í sápunni
- Skolið með vatni
- Ef pensill hefur harðnað, látið þá liggja í leginum í 1-2 daga og skolið

Innihaldslýsing

Sojaprópýonat, vatn, alkóhóletoxýlat og própánól.